

Afrekssjóður UMF Stjórnunnar

Stjórnarfundur haldinn í gegnum Teams fjarskiptabúnað, mánudaginn 1.21.2021, kl. 16:30

Mætt: Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG).

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Brynja Baldursdóttir (BB).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

Bókun á lokaúthlutun Afrekssjóðs 2020:

Í Skipulagsskrá Afrekssjóðs Stjórnunnar, nánar til getið 5.grein, segir eftirfarandi:

“Ef engin afrek hafa verið unnin á efsta stigi innan félagsins er sjóðsstjórn heimilt að auka hlutföll í a og b flokki innan ársins eða að leggja framlag ársins við höfuðstól sjóðsins til úthlutunar næstu ára”.

Niðurstaða: Vegna áhrifa Covid á íþróttastarf á Íslandi voru færri titlar bókfærðir til afrekshópa Stjórnunnar árið 2020 en áður. Stjórn Afrekssjóðs hefur því tekið ákvörðun um að úthluta því framlagi sem eftir var af höfuðstóli sjóðsins í lok árs til afrekshópa félagsins, í sömu hlutföllum og áður var úthlutað á árinu. Skal sú úthlutun færast sem aukaframlag til afrekshópanna í desember 2020 í bókhaldi félagsins.

Úthlutun Afrekssjóðs 2021:

Farið var yfir útreikninga samkvæmt skipulagsskrá og reglugerð sjóðsins. BS fór yfir skiptingu á úthlutun til afrekshópa félagsins út frá þeim forsendum sem stjórn setti upp og voru:

- A.flokkur – úthlutað verði 75% af fjármunum sjóðsins, sem ráðstafað verði hlutfallslega á milli afrekshópa byggt á viðurkenndum grunnkostnaði.
- B. Flokkur – úthlutað verði 10% af fjármunum sjóðsins, sem ráðstafað verði hlutfallslega til afrekshópa í takti við innheimtu aðgangseyris.
- C.flokkur – 10% af fjármunum sjóðsins verði lagðir til hliðar til að mæta úthlutun vegna unninna afreka, þ.e. Íslands- eða Bikarmeistaratitla í hópgreinum og einstaklingsgreinum.
- 5% af fjármunum sjóðsins verði haldið eftir.

Niðurstaða: Samtals verður úthlutað 85% af fjármunum sjóðsins í fyrstu úthlutun úr flokkum A og B, eða 93% að teknu tilliti til sveiflujöfnunar á skerðingum deilda. Í júní, að loknu keppnistímabili vetrariþróttá félagsins, skal endurskoða hvort tækifæri séu til aukinnar úthlutunar, þ.e. af þeim fjármunum sjóðsins sem nú er haldið eftir.

Stefna varðandi úthlutun árið 2022 vegna rekstrarárs 2021:

Sú stefna er tekin varðandi framtíðarúthlutun fjármuna úr Afrekssjóði, að ef eiginfjárstaða tiltekinn afreksdeilda verður neikvæð umfram tiltekið viðmið, þá verði úthlutun úr Afrekssjóði til viðkomandi deilda ráðstafað til að hækka viðkomandi eiginfjárstöðu (en verði ekki úthlutað sem rekstrartekjum). Viðmið verður að til skerðingar úthlutunar úr Afrekssjóði komi ef eiginfjárstaða deildar verður neikvæðari en sem nemur 5% af rekstrartekjum fyrra árs, eða kr. 3.000.000, hvort sem lægra reynist.

Við úthlutanir úr Afrekssjóði frá og með árinu 2022 verður þó ekki litið til neikvæðrar eiginfjárstöðu sem myndast hefur rekstrarárin 2020 og fyrr. Deildir með jákvæða eiginfjárstöðu vegna rekstrar fyrra ára njóta hennar áfram.

Sýnidæmi:

Ár 1	Afreksdeild dæmi	Ár 2
Tekjur ársins	20.000.000	21.000.000
Gjöld	- 20.500.000	- 22.000.000
Rekstrartap	- 500.000	- 1.000.000
5% af veltu	1.000.000	1.050.000
Efri mörk	3.000.000	3.000.000
Lægra af	1.000.000	1.050.000
Ný uppsöfnuð staða ÓRE frá 1.1.2021	- 500.000	- 1.500.000
Skerðing afrekssjóðs í úthlutun á ári 3 vegna ár 2		- 450.000

Sýnidæmi miðast við að afreksdeild sé nú þegar með neikvætt eigið fé. Ef deild er með jákvætt eigið fé byrjar deildin að éta það áður en kemur til skerðingar.

Reglugerð uppfærð

Reglugerð sjóðsins var uppfærð með þeim áherslum sem stjórn taldi mikilvægt að væru skýrari, má þar nefna:

- Bæta inn upplýsingum um skilgreiningu afrekshópa og hverjir eru styrkhæfir fyrir árið 2021.
- Bæta við tengingu við bókhaldslykla félagsins í vegna úthlutunar úr flokki A svo engin vafi sé á hvaða bókhaldsgögn/lykla á að styðjast við í hverjum lið fyrir sig.
- Bæta við forsendum um öflugt barna- og unglíngastarf sem forsendu fyrir möguleika á úthlutun úr Afrekssjóði.
- Forsendur skerðingar á úthlutun næsta árs, ef rekstrarniðurstaða sé neikvæð í lok úthlutunar árs.

SG lagði til að tekin sé dýpri umræða innan aðalstjórnar, um mögulegar breytingar og betrubætur á skipulagsskrá og reglugerð sjóðsins þegar lengra er liðið á árið.

Niðurstaða: Var það einróma samþykkt af stjórn sjóðsins.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30 – ritað Álp